



UMHVERFISSTOFNUN

**Til umsagnar:**

**Drög að reglugerð um  
ósoneýðandi efni**



## *Skýringar með reglugerðardrögum*

Fyrirhuguð reglugerð byggir á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1005/2009 og ennfremur á Montreal bókuninni um aðgerðir til að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Hún endurspeglar ennfremur stefnu stjórnvalda á Íslandi um að hætta allri notkun ósoneyðandi efna eins fljótt og tæknilega er mögulegt að teknu tilliti til hagkvæmissjónarmiða.

Reglugerðin viðheldur þeim takmörkunum sem voru í gildi fyrir á framleiðslu, innflutningi, sölu og notkun ósoneyðandi efna og búnaði sem inniheldur slík efni og er að finna í reglugerð 586/2002. Auk þess eru settar strangari skorður við innflutningi á efnum sem stöðva skal notkun á í áföngum. Ætlunin er sérstaklega að koma í veg fyrir að nýframleidd ósoneyðandi efni fari á markað undir því yfirskeyni að þau séu endurunnin.

Samhliða setningu nýrrar reglugerðar er ætlunin að herða eftirlit með inn- og útflutningi ósoneyðandi efna og geta fyrirtæki sem fara ekki að ákvæðum reglugerðarinnar átt von á að hald verði lagt á efni sem flutt eru ólöglega til landsins og þau flutt út til eyðingar.

### *Undanþágur*

Fáeinir undanþágur verða áfram við lýði þegar kemur að óhjákvæmilegri notkun ósoneyðandi efna sem er lýst í reglugerð (EB) nr. 1005/2009. Fyrirtæki sem hyggjast nýta sér slíka undanþágu þurfa að tilkynna það til Umhverfisstofnunar.

Rannsókn- og greiningastofur sem þegar hafa tilkynnt til Umhverfisstofnunar um notkun ósoneyðandi efna geta gert það áfram svo fremi sem að farið sé að skilyrðum sem sett eru með reglugerðinni. Önnur slík fyrirtæki og stofnanir þurfa að upplýsa Umhverfisstofnun um notkun ósoneyðandi efna svo að greiða megi fyrir innflutningi efnanna.

Halónslökkvikerfi og slökkvitæki verður aðeins heimilt að nota í þeim tilvikum þar sem engir aðrir kostir eru taldir geta veitt sama öryggi. Á Íslandi á það aðeins við um notkun um borð í flugvélum.

Almennt er litið á undanþágur sem tímabundnar á meðan að ekki hefur tekist að þróa aðferðir sem byggja á öðrum efnum eða tækni. Stöðug þróun staðgengilsefna á sér stað og heimilt verður að takmarka magn innflutnings á undanþágu efnum til að styðja við þá þróun.

### *Viðskipti með efni og notkun efna*

Notkun vetnisklórflúorkolefna (HCFC) til áfyllingar á kæli-, slökkvi-, og loftræstikerfi auk varmadælna er undanþegin banni við notkun ósoneyðandi efna til ársloka 2014. Það gildir þó aðeins um búnað sem fluttur hefur verið til landsins löglega eða áður en framleiðslu og innflutningi á slíkum búnaði var bannaður þann 1. janúar 1996 eða fluttur inn með undanþágu sem giltu lengst til ársloka 2002. Áfylling með öðrum ósoneyðandi efnum er bönnuð.



Innflutningur nýframleiddra vetnisflúorkolefna hefur verið alfarið bannaður síðan 2010. Uppruni meirihluta nýframleiddra vetnisklórflúorkolefna, sem fluttur hefur verið til landsins á undanförunum árum, er í Kína en þaðan á sér ekki stað neinn útflutningur á endurunnum vetnisklórflúorkolefnum svo vitað sé. Innflutningur á endurunnum vetnisklórflúorkolefnum er mögulegur út næsta ár á undanþágu og því er ekki seinna vænna fyrir þá sem reka kerfi með efnunum að skipta þeim út. Viðskipti með uppunnin vetnisklórflúorkolefni eru frjáls innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innflutningi vetnisklórflúorkolefna er hafnað nema að fyrir liggja vottorð frá viðurkenndri rannsóknastofu um að upprunnin efni sé að ræða auk staðfestingar viðeigandi yfirvalda í útflutningsríki.

#### *Útflutningur ósoneyðandi efna*

Takmarkanir á útflutningi ósoneyðandi efna eru ekki eins strangar og á markaðssetningu innanlands. Tímamörkin sem þróunarríki miða við til að hætta notkun ósoneyðandi efna eru rýmri en í iðnríkjum vegna þess kostnaðar sem fylgir því að skipta um eða breyta búnaði. Umhverfisstofnun veitir undanþágu frá banni við útflutningi ósoneyðandi efna. Skilyrði fyrir því er að fyrirhuguð notkun sé í samræmi við Montreal bókunina, að yfirvöld í innflutningsríki heimili innflutninginn og að það hafi fullgilt Montreal bókunina.

#### *Menntun starfsfólks og þjónustuaðila*

Starfsmenn sem sinna þjónustu fyrir búnað sem inniheldur ósoneyðandi efni skulu hafa hlotið menntun sem skal vera að lágmarki nám í kælitækni sem uppfyllir kröfur í reglugerð nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða hafi lokið öðru námi sem Umhverfisstofnun hefur viðurkennt.

#### *Merking og skráning búnaðar*

Búnaður sem inniheldur ósoneyðandi efni skal merkja með upplýsingum um auðkenni og magn viðkomandi efnis auk viðvörunarmerkingar í samræmi við reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Dæmi um merkingu á búnaði sem inniheldur ósoneyðandi efni:

*Inniheldur ... kg af klórdíflúormetani (R-22).*

*Hætta: Hættulegt ósonlaginu. Forðist losun út í umhverfið – fargið innihaldi hjá viðurkenndri eyðingarstöð.*

Halda skal skrá yfir áfyllingu og endurheimt efna á búnaði sem inniheldur 3 kg eða meira af ósoneyðandi kælimiðli. Ef innihaldið er 30 kg eða meira gilda ákvæði reglugerðar nr. 533/1993 og þá skal senda upplýsingarnar til Umhverfisstofnunar í lok hvers árs.

Skipta skal yfir í kælimiðil með engan ósoneyðingarmátt við allar meiri háttar breytingar eða viðgerðir á kælikerfum. Meiri háttar breytinga telst t.d. vera flutningur á hluta kerfis, svo sem þjöppu eða eimi úr einu rými í annað. Stærri viðgerðir eru t.d. skipti á þjöppu, eimsvala eða eimi.

### *Meðhöndlun efna og búnaðar*

Rekstraraðilar búnaðar sem innihalda ósoneyðandi efni skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþarfa losun efnanna út í andrúmsloftið. Þeir skulu jafnframt sjá til þess að fram fari lekaleit á búnaði sem inniheldur 3 kg eða meira af kælimiðli (6 kg ef um er að ræða loftþéttan búnað). Í reglugerð 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi koma fram viðbótarkröfur um lekaleit og upplýsingagjöf. Krafa er gerð um öryggisloka og tvöfaldan öryggisloka í kerfum með yfir 30 kg. Lekaskynjarar eru skylda á kerfum með yfir 70 kg af kælimiðli.

Endurheimta skal ósoneyðandi kælimiðla af búnaði þegar notkun hans er hætt. Efni sem losuð eru af búnaði, og eru ekki notuð á annan búnað í rekstri, teljast vera spilliefni og skal eyða með þeim aðferðum sem lýst er í viðauka VII við reglugerð (EB) nr. 1005/2009. Ósoneyðandi efni eru flutt út til eyðingar úr því að enga slíka eyðingarstöð er að finna hér á landi. Útflutningur spilliefna fer samkvæmt reglugerð um flutning úrgangs milli landa.

### *Innleiðing*

Reglugerðin er fyrirhuguð til innleiðingar á þremur reglugerðum Evrópusambandsins:

- Reglugerð (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins auk tveggja breytinga á henni urðu hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þann 1. nóvember 2012.
- Reglugerð (ESB) nr. 744/2010 (breyting á 1005/2009). Fylgir ekki með.
- Reglugerð (ESB) nr. 291/2011 (breyting á 1005/2009). Fylgir ekki með.

### *Orðskýringar*

Reglugerðin greinir á milli ónotaðra efna og notaðra (ýmist endurunninna (endurheimtra) eða uppunninna efna). Sérstök undanþága er fyrir endurunnin og uppunnin vetnisklórflúorkolefni til 31.12.2014.

Endurvinnsla/endurunnið efni: Endurnotkun endurheimts, takmörkunarskylds efnis í kjölfar grunnhrensunar.

Uppvinnsla/uppunnið efni: Endurmeðhöndlun endurheimts, takmörkunarskylds efnis til að ná fram jafngildri virkni og hjá ónotuðu efni, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar.

*Til umsagnar*

Reglugerðardrögin eru send eftirfarandi hagsmunaaðilum til umsagnar:

Félag atvinnurekenda

Félag vélstjóra og málmteknimanna

Kælitækni félag Íslands

Landsamband íslenskra útvegsmanna

Samgöngustofa

Samtök atvinnulífsins

Samtök fiskvinnslustöðva

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Samtök iðnaðarins

Samtök verslunar & þjónustu